

115. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn miðvikudaginn 16. júní 2004, kl. 12:00 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Guðmundur Stefánsson, Guðmundur Tr. Ólafsson, umhverfisfulltrúi og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Deiliskipulag í Kirkjuferjuháleigu.

Lagt fram afrit af bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 29. apríl 2004, til Reynis Karlssonar, hrl. Í bréfinu er áréttuð sú afstaða Skipulagsstofnunar sem er byggð á mati Umhverfisstofnunar, að ekki sé hægt að lækka hæð núverandi urðunarreina.

Samþykkt að halda kynningardag 29. júní nk. í Kirkjuferjuháleigu, þar sem starfsemi fyrirtækisins verður kynnt fyrir fjölmiðlum og almenningi.

2. Landsáætlun/svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs.

- a) Bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 28. apríl 2004, varðandi landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.
- b) Bréf frá Sveitarfélaginu Árborg, dags. 13. maí 2004, þar sem þess er óskað að Sorpstöðin beiti sér fyrir gerð svæðisáætlana fyrir aðildarsveitarfélögin.
- c) Bréf frá UMIS ehf. Environ ice, dags. 12. maí 2004, varðandi gerð svæðisáætlana um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt að óska eftir afstöðu aðildarsveitarfélaganna til þess að Sorpstöðin vinni svæðisáætlun fyrir starfssvæði stöðvarinnar.

3. Ráðstöfun á plasti.

Lagðar fram hugmyndir frá úrvinnslusjóði um söfnun og endurnýtingu heyrúlluplasts.

Guðmundur Tryggvi kynnti hugmyndir um útflutning á heyrúlluplasti.

Fundi slitið kl. 13:15

*Einar Njálsson
Guðmundur Stefánsson*

*Ágúst Ingi Ólafsson
Þorvarður Hjaltason*

